



## FOSSAR

(1908)

Því meiri halli sem er á landinu, sem áin rennur eftir, því hraðar rennur hún. Verði brattinn á farveginum svo mikill, að straumöldur vaða uppi, heita strengir og hávaðar. Vegna glymjandans í vatninu hefir svo orðið hávaði fengið þá merkingu, sem allir kannast við. Þar sem vatnið steypist fram af stalli heitir foss eða fors.

Ísland er mjög fossauðugt land. Ber þar ýmislegt til. Harðari og linari grjótlög skiptast á og vilja þá koma fram stallar, einkum þegar grjótlögunum hallar ekki mikið. Fjöll og fjalllendi eru oft flatvaxin ofan, en hömrum girt. Þar sem mýkra grjót er undir en ofan á, vill bergið slúta fram og geta þar orðið fagrir fossar. Undir fossinum er vanalegast hylur, sem fossinn hefir sjálfur búið til. Orðið hylur er leitt af því, að ekki sér í botn vegna dýpis. Fossinn sagar sig inn í stallinn og færast þannig aftur á við. Af því eru gljúfur fyrir neðan fossinn; eru gljúfrin sagfarið. Með tímanum eyða fossarnir sjálfum sér, því að eftir því sem þeir færast aftur, lækka þeir, unz loks er kominn jafn halli í stað fossins. Þetta verður á ekki mjög löngum tíma, eftir því sem jarðfræðingar telja; en í jarðfræðinni eru t. a. m. 10000 ár ekki talinn langur tími.

Líklega er enginn íslenzkur foss yfir 20000 ára gamall, flestir langtum yngri. Þegar jökulbreiða huldi land allt voru árnar og

fossarnir ekki til. Fossauður landsins kemur þá einnig og hvað mest til af því, hvað skammt er síðan það var allt jökli hulið. Jöklarnir sköpuðu líka sjálfir margar misfellur í landslagi, þar sem síðan urðu fossar.

Einhverjir fegurstu fossar á landinu eru undir Eyjafjöllum, „á hengiflugi undir jökulrótum“. Brim úthafsins brast þar í hálendisröndinni, er sjór stóð hærra á úthallandi ísöld, og skapaði þverhnipt björg. Steypast fram af þeim ár og lækir niður á láglandisfitina, sem liggur með Fjöllunum síðan sjórinna fjaræði. Undir Fjöllunum er Seljalandsfoss, sem ganga má bak við (160 fet á hæð), og Skógafoss, allra fossa prýði (240 fet). Fosslýsing Jónasar Hallgrímssonar í Hulduljóðum: „hann breiðir fram af bergi hvítan sknúða“ á hvergi betur við en um Skógafoss.

Inn af Þjórsárdal, þar sem Fossá steypist niður af hálendinu, er Háifoss, yfir 400 fet á hæð; hann mun vera hæstur þeirra fossa á landinu, sem nokkuð talsvert vatnsmagn er í. Alkunnur er Gullfoss í Hvítá, vatnsmikill og prúður, en ekki mjög hár; eru það raunar tveir fossar og lægri sá efri.

Mjög breiður og tignarlegur er Goðafoss í Skjálfandafljóti hrikalegur Dettifoss, þar sem Jökulsá sú, er rennur í Axarfjörð, byltist ofan í ferleg gljúfur. Hengifoss í Fljótsdal er um 600 fet, vatnsminni talsvert en Háifoss.

Fagur foss verður þar, sem Öxará rennur ofan í Almanna-gjá, og um aldurinn á þessum fossi vitum vér vel; Öxarárfossinn er um 1000 ára gamall; veittu fornmenn ánni ofan í gjána. Enda sér æsku þessa foss á því, hvað lítið honum hefir áunnizt að saga sig niður í hraunbrúnina. Berið saman myndirnar af Öxarárfossinum og Skógafossi t. a. m. Annar ungur foss er sá, sem verður í Elliðaánum nokkru fyrir ofan brýrnar. Er hann líklega ekki nema svo sem 2—3000 ára gamall. Hraun rann eftir Elliðaárdalnum og út af leirbakkanum og varð nokkuð þykk einmitt af því að það stíflaðist dálítið við bakkann. Vatnið gróf því næst burtu leirinn, sem lá fast að hraunjaðrinum og varð þar þá stallur, sem áin fossar fram af síðan.